

Afkvæmarannsóknir á nautum Nautastöðvar BÍ, sem fædd voru árið 2008

Guðmundur Jóhannesson

Nú er lokið afkvæmaprófun nauta Nautastöðvar BÍ, sem fædd voru árið 2008. Hér verður gefið yfirlit um nokkrar niðurstöður varðandi dætur þessara nauta og gerð grein fyrir öðrum niðurstöðum sem þegar liggja fyrir. Alls voru afkvæmarannsókuð 21 naut í árgangi 2008. Sex naut áttu syni í þessum árgangi. Náttfari 00035 átti flesta eða 9 talsins, Laski 00010 átti 5 syni, Spotti 01028 átti 4 syni og Þrasi 98052, Gosi 00032 og Snotri 01027 áttu einn son hver. Einkenni þessa nautaárgangs er mikil afurðasemi og sterk júgur- og spenagerð. Efnahlutföll í mjólk og mjaltir eru nokkuð breytilegar. Frá þessu eru þó nokkur frávik eins og oft vill vera. Besta naut árgangsins er Bambi 08049 frá Dæli í Fnjóskadal.

Hér fylgja umsagnir um helstu einkenni dætrahópa nautanna:

Laufás 08003 frá Stóru-Tjörnum í Ljósavatnsskarði.

F: Laski 00010, m: Alma 238, mf: Aðall 02039

Rúmlega tveir þriðju hlutar dætra Laufáss eru tvílitir. Algengastu tvílitir eru huppóttur og skjöldóttur. Allir grunnlitir nema grár koma fyrir en rauðir og bröndóttir litir eru algengastir. Dætur Laufáss eru miklar afurðakýr, bæði hvað mjólkurmagn og verðefni snertir. Þetta eru stórar, rýmismiklar og mjög háfættar kýr með nokkuð veika yfirlínu. Malir eru meðalbreiðar, beinar en þaklaga. Fótstaða er sterkleg. Júgurgerð þessara kúa er mjög góð, þau eru vel löguð, vel borin með mikla festu og frekar sterkt júgurband. Spengerð er góð, þeir eru hæfilega stuttir, fremur þykkir en vel settir. Dætur Laufáss eru meðalkýr í mjöltum og aðeins ber á mismjöltum. Skap þessara gripa er mjög gott.

Laufás verður tekinn til framhaldsnotkunar sem nautsfaðir.

Drengur 08004 frá Vatnsenda í Eyjafirði.

F: Laski 00010, m: Dama 272, mf: Kaðall 94017

Um 60% dætra Drengs eru einlitar. Allir grunnlitir koma fyrir nema grár en bröndóttur er langalgengastur. Algengustu tvílitir eru huppóttur og skjöldóttur. Dætur Drengs eru mjólkurlagnar og hlutfall verðefna í mjólk er vel yfir meðallagi. Þetta eru fremur stórar, rýmismiklar og háfættar kýr með aðeins veika yfirlínu. Malir eru meðalbreiðar, beinar en þaklaga. Fótstaða er sterkleg. Júgurgerð þessara kúa er úrvalsgóð, þau eru vel löguð, vel borin með mikla festu og mjög sterkt júgurband. Spengerð er góð, þeir eru hæfilega stuttir og grannir og vel settir. Dætur Drengs eru meðalkýr í mjöltum en skap þeirra gripa er mjög gott.

Drengur verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Sámur 08009 frá Vestri-Sámsstöðum í Fljótshlíð.

F: Náttfari 00035, m: Skeifa 165, mf: Almar 90019

Tæplega helmingur dætra Sáms eru einlitar og ber langmest á rauðum og svörtum litum þó allir grunnlitir nema grár komi fyrir. Af tvílitum er huppóttur litur mest áberandi. Afurðasemi dætra Sáms er í góðu meðallagi, fituhlutfall í mjólk er hátt en próteinhlutfall undir meðallagi. Kýrnar eru í meðallagi hvað stærð, boldýpt og útlögur snertir en yfirlína er sterk. Malir eru vel lagaðar, í meðallagi breiðar og fremur flatar. Fótstaða er bein og sterk nema hvað aðeins vottar fyrir linum kjúkum. Í meðallagi háfættir gripir. Júgurfasta er mikil en júgurband í meðallagi og júgrin meðalvel borin.

Spenagerðin er úrvalsgóð, spenarnir eru vel lagaðir og vel staðsettir. Mjaltir eru undir meðallagi þar sem aðeins ber á seinum mjöltum og mismjöltum og skapið er í góðu meðallagi.

Sámur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Höldur 08010 frá Stóru-Mástungu 1, Skeiða- og Gnúpverjahr.

F: Gosi 00032, m: Snýkja 308, mf: Soldán 95010.

Um 80% dætra Haldar eru tvílitar og eru hífóttur og krossóttur algengastir þó huppóttur og skjöldóttur komi einnig oft fyrir. Af grunnlitum ber langmest á rauðum og bröndóttum litum þó allir grunnlitir nema gráir komi fram. Dætur Haldar eru í góðu meðallagi hvað mjólkurmagn varðar. Fituhlutfall í mjólk er hins vegar nokkuð lágt en próteinhlutfall um meðallag. Þessar kýr eru í tæpu meðallagi að stærð, fremur bolgrunnar en útlögumiklar og yfirlína er veik. Malir eru breiðar, flatar en hallandi. Fótstaða er góð og sterkleg, í meðallagi háfættar kýr. Júgurgerð er góð, vel borin júgur með mikla festu en júgurband ekki áberandi. Spenagerð er í meðallagi, spenar aðeins í grófara lagi og meðalvel settir. Mjaltir eru í tæpu meðallagi þó ekki séu neindir gallar sérlega áberandi. Skap er í tæpu meðallagi.

Höldur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Skúmur 08011 frá Ingjaldsstöðum í Þingeyjarsveit.

F: Náttfari 00035, m: Blika 137, mf: Hersir 97033

Nálægt tveimur þriðju hlutum dætra Skúms eru tvílitar og algengustu litir eru leistöttur, huppóttur og skjöldóttur. Af grunnlitum eru rauðir og svartur algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Dætur Skúms eru sérstaklega mjólkurlagnar en hlutfall verðefna í mjólk er nokkuð undir meðallagi. Þetta eru fínbyggðar kýr, nokkuð breytilegar að stærð, fremur bolgrunnar og útlögulitlar með fremur sterka yfirlínu. Malir eru fremur grannar, hallandi en flatar. Fótstaða er eilítið hokin en gleið og sterkleg og kýrnar eru fremur háfættar. Júgurgerð er fremur veik, júgurfasta í meðallagi og júgurband lítt áberandi. Nokkuð skortir á að júgur séu nægilega vel borin. Spenar eru heldur langir og vart nægjanlega vel settir. Mjaltir eru slakar þar sem kýrnar eru of þungar í mjöltum og nokkuð ber á skapgöllum.

Skúmur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Krúsi 08014 frá Austvaðsholti í Landsveit.

F: Náttfari 00035, m: Hekla 316, mf: Kaðall 94017

Rúmlega tveir þriðju hlutar dætra Krúsa eru tvílitar og er skjöldóttur algengastur. Af grunnlitum ber einna mest á rauðum litum þó allir litir komi alloft fyrir. Gráa liti er þó ekki að finna meðal dætranna. Afurðasemi dætra Krúsa er mikil hvað magn snertir og hlutfall verðefna í mjólk er um eða rétt undir meðallagi. Þetta eru fremur stórar kýr, boldjúpar með meðalútlögur og mjög sterklega yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, hallandi en fremur flatar. Fótstaðan er góð og kýrnar háfættar. Júgurgerðin er góð, mikil festa og þau vel borin en júgurband ekki áberandi. Spenagerð er úrvalsgóð, þeir eru hæfilega stuttir og grannir og sérlega vel settir. Mjaltir eru slakar þar sem of mikið ber á seinum mjöltum og mismjöltum. Skap er að jafnaði gott en þó ber aðeins á kúm með skapgalla.

Krúsi verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Blómi 08017 frá Heggstöðum í Andakíl.

F: Náttfari 00035, m: Sól 082, mf: Kaðall 94017

Tæplega tveir þriðju hlutar dætra Blóma eru tvílitir og ber þar mest á huppóttum, skjöldóttum og sokkóttum. Af grunnlitum er svartur litur litir algengastur þó allir litir nema gráir komi fram. Dætur Blóma eru mjólkurlagnar en hlutföll verðefna í mjólk eru undir meðallagi, sérstaklega próteinhlutfall. Þetta eru meðalstórar og fremur háfættar kýr með mjög sterka yfirlínu. Malir eru aðeins grannar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er sterkleg. Júgurgerð þessara kúa er úrvalsgóð, þau eru vel löguð, gríðarvel borin með sérlega mikla festu og mjög sterkt júgurband. Spenagerð er góð, þeir eru hæfilega stuttir og grannir og ákaflega vel settir. Dætur Blóma eru meðalkýr hvað mjaltir og skap varðar.

Blómi verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Þáttur 08021 frá Berjanesi í V-Landeyjum.

F: Laski 00010, m: Snúra 254, mf: Roði 96978

Rúmlega helmingur dætra Þáttar eru einlitir og eru rauðir og bröndóttir litir mest áberandi meðal þeirra þó alla grunnliti nema gráa megi finna. Af tvílutum ber mest á huppóttum og skjöldóttum. Dætur Þáttar eru meðalkýr hvað mjólkurlagni varðar en hlutföll verðefna í mjólk eru gríðarhá. Þetta eru í góðu meðallagi stórar og háfættar kýr með aðeins veika yfirlínu. Þær eru bolgrunnar og útlögulitlar. Malir eru grannar, beinar og þaklaga. Fótstaða er sterkleg en eilítið náin. Júgurgerð þessara kúa er góð, þau eru vel löguð, gríðarvel borin með prýðilega festu og sterkt júgurband. Spenagerð er góð, þeir eru stuttir og grannir og ákaflega vel settir. Dætur Þáttar eru mjög góðar í mjöltum og skapið er mjög gott.

Þáttur verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Flekkur 08029 frá Sauðhúsvelli, Eyjafjöllum.

F: Náttfari 00035, m: Flekka 190, mf: Kaðall 94017

Ríflega þrjú fjórðu hlutar dætra Flekks eru tvílitir þar sem huppóttur og skjöldóttur litir eru algengastir. Af grunnlitum ber mest á bröndóttum litum þó öllum litum nema gráum bregði fyrir. Dætur Flekks eru miklar mjólkurkýr en hlutföll verðefna í mjólk eru nokkuð undir meðallagi, einkum fitan. Þetta eru meðalstórar og í meðallagi háfættar kýr. Þær eru fremur bolgrunnar og útlögulitlar en yfirlínan er sterk. Malir eru grannar, aðeins hallandi og fremur flatar. Fótstaða er góð og sterkleg. Júgurgerð þessara kúa er góð, þau eru vel löguð, vel borin með mjög góða festu og meðalsterkt júgurband. Spenagerð er úrvalsgóð, þeir eru stuttir, hæfilega grannir og ákaflega vel settir. Dætur Flekks eru meðalgóðar í mjöltum en skapið í tæpu meðallagi.

Flekkur verður tekinn til framhaldsnotkunar sem nautsfaðir.

Klettur 08030 frá Grjótá í Fljótshlíð.

F: Laski 00010, m: Viðja 135, mf: Fróði 96028

Um fjórir fimmtu hlutar dætra Kletts eru tvílitir þar sem mest ber á skjöldóttum lit. Af grunnlitum koma bröndóttir litir oftast fyrir þó alla liti nema gráa megi finna. Dætur Kletts eru miklar afurðakýr og hlutföll verðefna í mjólk eru um meðallag. Þetta eru stórar og háfættar kýr. Þær eru boldjúpar og

útlögumiklar en yfirlínan er veik. Malir eru breiðar, hallandi og aðeins þaklaga. Fótstaða er góð og mjög sterkleg. Júgurgerð þessara kúa er góð, þau eru vel löguð, mjög vel borin með mikla festu og sterkt júgurband. Spenagerð er góð, þeir eru stuttir, hæfilega grannir og vel settir. Dætur Kletts eru úrvalsgóðar í mjöltum og skapi.

Klettur verður tekinn til framhaldsnotkunar sem nautsfaðir.

Gói 08037 frá Skálpastöðum í Lundarreykjadal.

F: Þrasi 98052, m: Krúna 834, mf: Punktur 94032

Rúmlega þrjú fjórðu hlutar dætra Góa eru einlitar þar sem kolóttir litir eru algengastir þó allir grunnlitir komi fyrir. Skjöldóttur er algengastur tvílita. Dætur Góa eru miklar mjólkurkúr og hlutfall fitu í mjólk er hátt en hlutfall próteins í tæpu meðallagi. Þetta eru meðalstórar og í góðu meðallagi háfættar kúr. Þær eru meðalkúr hvað snertir boldýpt og útlögur og yfirlínan er fremur sterk. Malir eru frekar grannar, beinar og aðeins þaklaga. Fótstaða er góð og sterkleg. Júgurgerð dætra Góa er góð, þau eru vel löguð, vel borin með mikla festu og ákaflega sterkt júgurband. Spenagerð er góð, þeir eru stuttir, aðeins grannir og sérlega vel settir. Dætur Góa eru meðalkúr í mjöltum og skapi.

Gói verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Sigurfari 08041 frá Hjarðarfelli á Snæfellsnesi.

F: Náttfari 00035, m: Tvenna 205, mf: Fróði 96028

Um 60% dætra Sigurfara er einlitur þar sem rauðir og svartur eru langalgengustu litir þó allir grunnlitir nema grár komi fram. Af tvílitum ber mest á huppóttum og skjöldóttum. Dætur Sigurfara eru meðalkúr hvað afurðasemi varðar og hlutföll verðefna eru í tæpu meðallagi. Kýrnar eru rúmlega meðalkúr að stærð, meðalboldjúpar með allgóðar útlögur og góða yfirlínu auk þess að vera í góðu meðallagi háfættar. Malir eru breiðar og vel gerðar. Fótstaða er sterkleg og kýrnar eru yfir meðallagi háfættar. Júgurgerð er góð, júgrin þrýðilega borin með greinilegt júgurband en júgurfasta um meðallag. Spenagerð er góð, spenar eru ágætlega lagaðir og vel settir. Mjaltir eru þessara kúa eru um meðallag og skapið nokkru neðan það.

Sigurfari verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Bliki 08047 frá Brúnastöðum í Flóa.

F: Spotti 01028, m: Bomba 257, mf: Punktur 94032

Rúmlega tveir þriðju hlutar dætra Blika er einlitur þar sem rauðir og bröndóttir litir eru langalgengastir þó alla grunnliti nema gráa megi finna í dætrahópnum. Af tvílitum ber mest á huppóttum og skjöldóttum. Dætur Blika eru í góðu meðallagi hvað mjólkurafköst varðar og hlutfall fitu í mjólk er hátt en hlutfall próteins hins vegar í tæpu meðallagi. Kýrnar eru stórar, háfættar og boldjúpar með miklar útlögur og fremur sterka yfirlínu. Malir eru breiðar og vel gerðar. Fótstaða er góð, gleið og sterkleg. Júgurgerð er góð, júgrin vel borin með ágæta festu og júgurband áberandi sterkt. Spenar eru vel gerðir, hæfilega langir og grannir og vel settir. Mjaltir eru fremur slakar og of mikið bera á seinmjólka og mismjalta kúm meðal dætra Blika. Skap þeirra er undir meðallagi og aðeins örlar á skaggölluðum kúm.

Bliki verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Snúður 08048 frá Núpstúni í Hrunamannahreppi.

F: Snotri 01027, m: Brá 159, mf: Punktur 94032

Rúmlega tveir þriðju hlutar dætra Snúðs er einlitur og eru rauðir, bröndóttir og kolóttir litir allir álíka algengir. Í hópnum er einnig að finna svartar og gráar kýr. Af tvíltum ber mest á huppóttum og skjöldóttum. Dætur Snúðs eru í meðallagi mjólkurlagnar og hlutfall verðefna í mjólk er einnig nærri meðallagi. Þetta eru tæplega meðalkýr að stærð, í meðallagi boldjúpar og fremur útlögulitlar. Yfirlína er nokkuð veik. Malir eru fremur grannar, hallandi og þaklaga. Fótstaðan er nokkuð hokin en góð að öðru leyti. Þetta eru meðalháfættar kýr. Júgurgerð er góð, allvel borin júgur með mikla festu og sterkt júgurband. Spenar eru ágætlega gerðir og þeir eru vel settir. Mjaltir eru að jafnaði góðar þó finna megi kýr sem eru seinmjólka í hópnum. Skapið þessara gripa er mjög gott.

Snúður verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Bambi 08049 frá Dæli í Fnjóskadal.

F: Laski 00010, m: Stáss 319, mf: Kaðall 94017

Um fjórir fimmtu hlutar dætra Bamba eru tvílitir þar sem skjöldóttur er lagengasti litur. Af grunnlitum eru kolóttir litir mest áberandi þó allir grunnlitir nema gráir komi fyrir. Dætur Bamba eru prýðilegar mjólkurkýr og hlutfall verðefna í mjólk er hátt. Þetta eru fremur smáar en í góðu meðallagi háfættar kýr. Þær eru meðalkýr hvað snertir boldýpt en útlögur eru miklar og yfirlínan er eilítið veik. Malir eru í meðallagi breiðar, hallandi en fremur flatar. Fótstaða er mjög sterkleg og góð. Júgurgerð dætra Bamba er úrvalsgóð, þau eru vel löguð, gríðarvel borin með geysimikla festu og sérlega sterkt júgurband. Spenagerð er góð, þeir eru stuttir, grannir og mjög vel settir. Dætur Bamba eru frábærar í mjöltum og skapi.

Bambi verður tekinn til framhaldsnotkunar sem nautsfaðir.

Stapi 08051 frá Syðri-Knarrartungu á Snæfellsnesi.

F: Spotti 01028, m: Slóð 362, mf: Stígur 97010

Um tveir þriðju hlutar dætra Stapa er einlitur og eru rauðir litir algengastir en allir grunnlitir koma fyrir. Af tvílitum er huppóttur mest áberandi. Dætur Stapa mjólka nokkru minna en meðalkýrin en fituhlutfall í mjólk er hátt og próteinhlutfall um meðallag. Þetta eru fremur smáar kýr, bolgrunnar og fremur útlögulitlar með nokkuð beina yfirlínu. Malir eru fremur grannar en ágætlega gerðar og jafnar. Fótstaðan er sterkleg. Kýrnar eru í meðallagi háfættar. Júgurgerð er úrvalsgóð, vel löguð júgur með mikla festu, greinilegt júgurband og prýðilega borin. Spenagerð er úrvalsgóð og spenar eru vel settir. Mjaltir eru í slakara lagi og ber aðeins á seinmjólka og mismjalta kúm. Skap er undir meðallagi og aðeins ber á skapgölluðum kúm. Dætur Stapa koma áberandi illa út í gæðaröð.

Stapi verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Pollur frá Stóru-Mörk, Eyjafjöllum.

F: Spotti 00128, m: 393, mf: Stígur 97010

Tæplega þriðjungur afkvæma Polls er einlitur og eru rauðir og bröndóttir algengustu litir. Í hópnum er alla grunnliti að finna. Skjöldóttur er algengastur tvílitur. Dætur Polls eru í meðallagi mjólkurlagnar en hlutföll verðefna í mjólk eru góð, sérstaklega fitu. Þær eru frekar smáar, hvorki boldjúpar né

útlögumiklar en með beina yfirlínu. Þær eru í meðallagi háfættar. Malir eru grannar en ágætlega gerðar, jafnar og fremur flatar. Fótstaða er góð og sterkleg. Júgurgerðin er afbragðsgóð, júgrin eru vel löguð og vel borin með mikla festu og sterkt júgurband. Spenagerð er góð, spenarnir eru vel gerðir og vel settir. Dætur Polls eru meðalkýr í mjöltum og skap þeirra er gott.

Pollur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Vegbúi 08058 frá Egilsstaðakoti í Flóa.

F: Spotti 01028, m: Gata 394, mf: Stígur 97010

Yfir 90% dætra Vegbúa er einlitur og ber langmest á rauðum litum þó allir litir komi fyrir. Erfitt er að segja til um hver er algengastur tvílita vegna þess hversu fáar dætur Vegbúa eru tvílitar. Dætur Vegbúa eru í góðu meðallagi mjólkurlagnar, hlutfall fitu í mjólk er hátt en hlutfall próteins lágt. Þessar kýr eru fremur stórar, í meðallagi boldjúpar en útlögumiklar með beina yfirlínu. Malir eru breiðar og vel gerðar og jafnar. Fótstaðan er mjög sterkleg og góð og kýrnar eru háfættar. Júgurgerð er sérlega góð, vel borin júgur með mikla festu og sterkt júgurband. Spenagerð er mjög góð, vel gerðir og mjög vel settir spenar. Mjaltir þessara kúa eru góðar og skapið afbragðsgott.

Vegbúi verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Hosi 08062 frá Hnjúki í Vatnsdal.

F: Náttfari 00035, m: Heiðbrá 140, mf: Soldán 95010

Um 40% dætra Hosa er einlitur þar sem rauðir og kolóttir eru algengastir grunnlita þó allir litir nema gráir komi fyrir. Af tvílitum ber mest á huppóttum lit. Dætur Hosa eru mjög afurðasamar hvað varðar mjólkurmagn og hlutfall verðefna í mjólk er í rétt tæpu meðallagi. Kýrnar eru stórar, í meðallagi boldjúpar en útlögumiklar og með sterka yfirlínu. Malir eru breiðar en nokkuð hallandi og þaklaga. Fótstaða er góð og kýrnar eru fremur háfættar. Júgurgerð er veik, ekki nógu vel borin og skortir töluvert á festu auk þess sem júgurband er ógreinilegt. Spenar eru vel gerðir, nokkuð þykkir en þrýðilega settir. Mjaltir þessara kúa eru undir meðallagi og ber aðeins á seinum mjöltum auk mismjalta meðal þeirra. Skap þeirra er gott.

Hosi verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Teningur 08068 frá Hóli í Sæmundarhlíð.

F: Náttfari 00035, m: Trú 188, mf: Fróði 96028

Rúmlega tveir þriðju hlutar dætra Tenings eru einlitar og eru rauðir og kolóttir litir algengastir en allir grunnlitir nema gráir koma fyrir. Huppóttur er algengastur tvílita. Afurðasemi dætra Tenings er mjög góð, hvað varðar magn hlutfall verðefna í mjólk er nokkuð undir meðallagi. Þetta eru stórar kýr, í meðallagi boldjúpar en með miklar útlögur og sterka yfirlínu. Malir eru breiðar og ágætlega gerðar. Fótstaða er gleið og sterkleg og þær eru háfættar. Þessar kýr eru með úrvalsgóða júgurgerð, þau eru vel löguð, mjög vel borin með mikla festu og sterkt júgurband. Spenagerð er mjög góð, spenar hæfilega stuttir og grannir og mjög vel settir. Dætur Tenings eru mjög slakar í mjöltum og mikið ber á seinmjólka kúm meðal þeirra. Skap þeirra er í meðallagi.

Teningur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Leikur 08069 frá Litla-Ármóti í Flóa.

F: Náttfari 00035, m: Lind 491, mf: Kaðall 94017

Um fjórir fimmtu hlutar dætra Leiks eru tvílitir þar sem mest ber á skjöldóttum lit. Af grunnlitum eru kolóttir litir mest áberandi þó rauðir og bröndóttir komi einnig alloft fyrir og allir litir nema gráir sjáist. Dætur Leiks eru mjólkurlagnar en hlutföll verðefna í mjólk eru mjög lág. Þetta eru fremur smáar kýr, í meðallagi bolbjúpar, frekar útlögulitlar með sterka yfirlínu. Malir eru grannar og þaklaga. Fótstaðan er fremur bein og sterkleg en aðeins vottar fyrir linum kjúkum. Kýrnar eru í tæpu meðallagi háfættar. Júgurgerð er góð, allvel borin júgur með mikla festu og greinilegt júgurband. Spenagerð er úrvalsgóð og þeir eru mjög vel settir. Mjaltir eru fremur slakar og nokkuð ber á seinum mjóltum. Skap þessara kúa er hins vegar úrvalsgott.

Leikur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.